

Aðalfundur FAAS
haldinn á Grand Hóтели 11. maí 2015

Dagskrá fundar

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.
5. Endurskoðaðir ársreikningar dagþjálfunarhúsa skýrðir
6. Skýrslur fagráðs og starfshópa
7. Lagabreytingar
8. Kosning stjórnar
9. Kosning skoðunarmanna reikninga, einn aðalmann og einn varamann
10. Ákvörðun um árgjald
11. Önnur mál

1. Setning Fundar

Árni Sverrisson, formaður félagsins, setur fundinn og býður fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Tillaga að fundarstjóra, Fanneyju Proppe og fundarritara Helgu Sigurjónsdóttur
Samþykkt samhljóða

3. Skýrsla stjórnar

Árni Sverrisson, formaður FAAS, flytur skýrslu stjórnar. Sjá má skýrslu formanns á heimasíðu FAAS, http://www.alzheimer.is/gogn/arsskyrsla_stjornar_2014_2015.pdf

Fyrirspurn um hvort félagið geti fengið eða hafi óskað eftir að fá gögn frá embætti Landlæknis um fjölda alzheimerssjúklinga á Íslandi?

Árni varð fyrir svörum og segir að ekki hafi verið fundað með núverandi landlækni en rætt hafi verið um það í stjórn FAAS, undirbúningur var í gangi en frestað þegar ljóst var að nýr landlæknir væri væntanlegur. Árni vitnar til bókar „Alzheimer Europe,“ en í þeirri bók er hægt að finna upplýsingar um fjölda alzheimerssjúklinga í flestum löndum Evrópu en engar upplýsingar eru um Ísland. Árni segir að farið yrði í það fljótlega að fá fundi með landlækni.

Fyrirspurn um hvaða forsendum félagsins var ekki mætt í viðræðum við Hafnarfjarðabæ um yfirtöku á rekstri Drafnarhúss og því hafi viðræðum verið hætt. Árni varð fyrir svörum og segir að ekki hafi náðst sátt um fjárhagslegt uppgjör.

Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir

Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri fer yfir ársreikninga.

Fyrirspurn um hvað fælist í seldri þjónustu: Svava svarar um að seld þjónusta er ráðgjöf og fræðsla sem framkvæmdastjóri innir af hendi en tekið er gjald fyrir það.

Reikningar samþykktir samhljóða.

4. Endurskoðaðir ársreikningar dagþjálfunarhúsa skýrðir

Fríðuhús-Dagþjálfun, Austurbrún 31 – ársreikningur ársins 2014

Drafnarhús – Dagþjálfun, Hafnarfirði – ársreikningur ársins 2014

Maríuhús- Dagþjálfun, Blesugróf 27 – ársreikningur ársins 2014

5. Skýrslur fagráðs og starfshópa

Svava fer yfir lykiltölur fyrir árið 2014 frá dagþjálfunum, Fríðuhúsi, Drafnarhúsi og Maríuhúsi. Forstöðumenn komu upp til að svara fyrirspurnum; Lóa frá Fríðuhúsi, Erla frá Drafnarhúsi og Ólína frá Maríuhúsi. Forstöðukonur leggja áherslu á að starfið sé dagþjálfun en ekki dagvistun. Forstöðumenn eru nýkomnir úr námsferð til Finnlands, þær telja að við séum að gera góða hluti hér heima hvað dagþjálfunina varðar. Fyrirspurn um hvað margir voru undir 67 ára aldri í húsunum á árinu 2014. Taka þarf þessar tölur saman en það hefur ekki verið gert af hálfu FAAS. Fyrirspyrjandi leggur áherslu á að það þurfi að horfa meira til yngra fólks sem er með heilabilun en áherslan hefur verið á eldri sjúklinga hingað til að hans mati.

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir aðalfundi.

7. Kosning stjórnar

Árni Sverrisson, formaður, gefur kost á sér til eins árs eða til 2016.

Guðjón Brjánsson, varaformaður, gefur kost á sér í aðalstjórn til tveggja ára eða til 2017.

Friðfinnur Hermannsson gefur kost á sér í aðalstjórn til tveggja ára eða til 2017.

Brynjólfur Bjarnason var kosinn til tveggja ára á aðalfundi 2014 og situr því til 2016.

Helga Sigurjónsdóttir gefur kost á sér í aðalstjórn en hún var kosin varamaður í stjórn á aðalfundi 2014. Helga situr því í stjórn til 2016.

Kristný Rós Gústafsdóttir og Berglind Anna Magnúsdóttir gefa kost á sér í varastjórn til eins árs eða til 2016.

Guðríður Ottadóttir gefur ekki kost á sér áfram sem varamaður í stjórn.

Samþykkt samhljóða

8. Kosning skoðunarmanna reikninga, einn aðalmann og einn varamann

Tillaga að Kristni Jörundssyni sem aðalmanni og Ragnheiði Karlsdóttur sem varamanni
Samþykkt samhljóða.

9. Ákvörðun um árgjald

Tillaga að óbreyttu árgjaldi kr. 3000.-
Samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Enginn tjáði sig undir þessum lið.

Árni Sverrisson, formaður, sté í pontu til að ljúka fundi. Þakkar fyrir góðan fund og þakkar það traust sem honum er sýnt með endurkjöri. Þakkar fundarstjóra, ritara og fráfarandi stjórnarmanni, Guðríði Ottadóttur, sem hefur starfað innan FAAS frá árinu 1997, fyrir vel unnin störf og býður nýja stjórnarmeðlimi velkomna.

Fleira ekki gert og fundi slitið.